

3. Samstarfið um skólann

Foreldrafélagið

Er samstarfsvettvangur foreldra. Foreldrafélagið sér gjarnan um að skipuleggja foreldrastarfið og sér um að allir bekkir hafi sína bekkjarfulltrúa sem mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Stjórn foreldrafélagsins boðar bekkjarfulltrúa á fundi að minnsta kosti tvisvar yfir veturinn, skipuleggur fræðslufundi og þrýstir á sveitarstjórnir og aðra sem hafa með málefni skólans og barnanna um að gera úrbætur í skólamálu. Foreldrafélög hafa gjarnan samstarf sín á milli innan skólahverfis eða héraðs í svokölluðum svæðaráðum foreldra /foreldrasamtökum. Foreldrafélög geta orðið meðlimir í Heimili og Skóla og fengið þaðan ýmis hagnýt ráð sem og gögn.

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Skólanefndin

Í hverju skólahverfi starfar skólanefnd sem fer með málefni grunnskólans í umboði sveitarstjórnar. Hún er kosin af sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Fulltrúar foreldra, kennara og skólastjóra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétti. Undir skólanefnd heyrir nánast allt sem varðar skólahald, bæði innra starf, öryggi barna og húsnæðismál. Skólanefnd á að kynna áætlanir um skólahald s.s. skólaakstur, framkvæmdir og viðhald bygginga fyrir foreldraráði hvers skóla. Fulltrúi foreldra í skólanefnd sér um að miðla upplýsingum um starf/fundi skólanefndar til foreldraráðs og foreldrafélaga á sínu svæði.

